



Samtún 2 – Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa

Lögð fram fyrirspurn Guðrúnar Elínar Arnardóttur, dags. 23. nóvember 2023, um uppbyggingu vinnustofu á lóð nr. 2 við Samtún, samkvæmt fyrirspurnarteikningum Arkitektastofunnar Austurvöllur, dags. 1. nóvember 2023.



Samþykkt deiliskipulag

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir lóðin á íbúðarsvæði.

Deiliskipulag/ Hverfisskipulag: Í gildi er deiliskipulagið “ Túnin, reitir 1.221.3-4, 1.223.0-1, 1.235.0-1“ samþykkt í borgaráði dags. 22. júlí 2010.

Umsögn

Á gildandi deiliskipulagi fyrir Samtún 2 er sýndur byggingareitur B. Um byggingareit B er svo hljóðandi “ Byggingareitur B sýnir nýbyggingareit fyrir einna hæðar bílgeymslu. Reitir fyrir bílgeymslu er 4*7, nema þar sem annað er sýnt. Ekki er heimilt að nota þök bílgeymsla til útivistar. Hámarkshæð bílgeymslu er 3,2 m.

Byggingareitur B fyrir Samtún 2 er sýndur á gildandi deiliskipulagi. Fyrirspurnin er ekki í samræmi við gildandi deiliskipulag þar sem óskað eftir vinnustofu. Ekki er lagst gegn því að heimilað verði að gera vinnustofu í stað bílskúrs en slík heimild kallar á deiliskipulagsbreytingu fyrir lóðina. Byggingareitur vinnustofunnar yrði þá sami og er á samþykktu deiliskipulagi fyrir bílskúr.

Niðurstaða

Samræmist ekki deiliskipulagi. Ekki er gerð skipulagsleg athugasemd við að umsækjandi láti vinna breytingu á deiliskipulagi á eigin kostnað með vísan í leiðbeiningar í umsögn.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Valný Aðalsteinsdóttir, arkitekt og verkefnastjóri